



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um rýmingaráætlun fyrir miðbæ Reykjavíkur

Á fundi borgarráðs þann 2. nóvember 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort rýmingaráætlun úr miðbæ Reykjavíkur sé til, ef tæma þyrfti svæðið skyndilega af einhverjum orsökum. Á Kvennaverkfallsdaginn var slíkt mannhaf samankomið á Arnarhól og næsta umhverfi að fulltrúa Flokks fólksins var hugsað til þess hvernig myndi ganga að rýma svæðið hratt og örugglega ef þess þyrfti vegna t.d. aðsteðjandi ógnar eða alvarlegrar uppákomu sem skaðað gætu fjölda manns. Fleiri tilefni eru sambærileg og má nefna t.d. þegar tónleikar eru í Lækjargötu og Hljómskálagarði á 17. júní og Menningarnótt.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 8. nóvember sl.

Svar:

Almannavarnarnefnd höfuðborgarsvæðisins, lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, Rauði krossinn á Íslandi og almannavarnardeild ríkislögreglustjóra hafa unnið rýmingaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið. Þeir sem geta virkjað áætlunina eru: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu og Ríkislögreglustjóri. Áætlunina er hægt að virkja óháð tegund eða ástæðu rýmingar.

Ef hættuástand skyldi skapast á stórum og mannmörgum viðburðum í miðborg Reykjavíkur mun rýmingaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið verða virkjuð.

Allir stórir og mannmargir viðburðir sem fara fram í miðborg Reykjavíkur eru skipulagðir í samstarfi við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu.

Rýmingaráætlunina er hægt að nálgast á vef Almannavarna: <https://www.almannavarnir.is/utgefing-efni/rymingaraaetlun-fyrir-hofudborgarsvaedid-utgafa1-0-0-6-12-2019/>.



Reykjavíkurborg

Þorsteinn Gunnarsson
borgaritari